

Mánudaginn 21. ágúst 1995 kl. 16:00

60. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 29/1995

Auglýsing um Orville Redenbacher's örbylgjupopp

I.

Málsatvik

Þann 18. apríl 1995 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Samtökum iðnaðarins varðandi sjónvarpsauglýsingu frá fyrirtækinu Innessi hf. um Orville Redenbacher's örbylgjupopp. Í lesnum texta auglýsingarinnar er sagt að örbylgjupoppið sé „í íslenskum umbúðum“. Að mati Samtaka iðnaðarins er þetta röng fullyrðing sem brýtur ótvírætt í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

II.

Athugasemdir Inness hf.

Samtök iðnaðarins sendu Innessi hf. afrit af erindinu og fékk Samkeppnisstofnun athugasemdir frá fyrirtækinu þann 21. apríl 1995. Þar kemur fram að umræddar umbúðir séu hannaðar af íslenskri auglýsingastofu og það sama eigi við um nefnda auglýsingu og textun hennar. Orðalagi auglýsingarinnar sé ekki ætlað að leiða neinn á villigötur heldur sé ætlunin að koma á framfæri upplýsingum um íslenskun á texta vöruumbúðanna svo og leiðbeiningum um notkun vörunnar. Auk þess hafi varan séríslenskt heiti sem skráð hafi verið hér á landi, heitið Sælkerapopp.

Auglýsinganefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 7. júní 1995 og taldi að æskilegra væri að segja t.d. í auglýsingunni „texti á umbúðunum er á íslensku“, en jafnframt var talið nauðsynlegt að skilgreina notkun orðsins „íslenskt“ áður en unnt væri að taka afstöðu til mála af þessu tagi. Í framhaldi var síðan óskað eftir sjónarmiðum Samtaka iðnaðarins um hvenær megi telja vöru íslenska.

III. Svar Samtaka iðnaðarins

Í svari Samtaka iðnaðarins frá 10. júlí 1995 við spurningunni um hvenær vara sé íslensk kemur fram að samtökin hafa sett sér ákveðna viðmiðunarreglu og beint tilmælum til félagsmanna sinna í framhaldi af henni. Reglan er að:

„Vara verður að vera framleidd og/eða pökkuð á Íslandi. Tilgreina verður greinilega á umbúðum vörunnar eða með öðrum tryggum hætti að hvaða leyti varan er íslensk, þ.e. pökkuð og/eða framleidd á Íslandi.“

Þ.e. gerð er krafa um einhvern virðisauka hérlendis og að fram komi með skýrum hætti að hvaða leyti vara er íslensk. Að mati samtakanna skiptir höfuðmáli að neytandinn viti að hverju hann gengur og ekki sé gefið í skyn, beint eða óbeint, að varan sé „íslenskari“ en unnt er að standa við.

IV. Umfjöllun auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd fjallaði aftur um erindi Samtaka iðnaðarins á fundi sínum 27. júlí 1995 og mælti með því að Innnesi hf. yrði óheimilt að auglýsa að örbylgju-poppið sé „í íslenskum umbúðum“.

Innnesi hf. var gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri áður en málið væri kynnt Samkeppnisráði til afgreiðslu.

V. Svar Innness hf.

Í bréfi dagsettu 16. ágúst 1995 tekur Innnes hf. m.a. fram að:

- Í texta auglýsingarinnar sé ekki sagt að varan sé íslensk.
- Það sé ekki sagt berum orðum né gefið í skyn beint eða óbeint að varan sé íslensk.
- Útlit og nafn vörunnar beri það með sér svo ekki verði um villst að varan sé erlend en ekki íslensk.

Auglýsingin lúti að því að kynna nýjar umbúðir vörunnar með íslenskum texta um innihald og leiðbeiningar um notkun hennar. Ekki sé hægt að álykta að auglýsingunni sé ætlað að gefa það á einhvern hátt í skyn að varan sé íslensk.

VI. Niðurstaða

Eins og fram kemur í svari Innness hf. eru umbúðirnar í raun ekki íslenskar, þær eru ekki framleiddar hér á landi heldur eru það eingöngu leiðbeiningarnar á umbúðunum sem hafa verið íslenskaðar. Orðalagið „í íslenskum umbúðum“ telst því brot á 21. gr. samkeppnislaganna, en þar segir m.a. „Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum...“

VII. Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir Samkeppnisráð því til Innness hf., Dalshrauni 13, Hafnarfirði, að láta af þeirri fullyrðingu í auglýsingum að Orville Redenbacher's örbylgjupopp, Sælkerapopp, sé í íslenskum umbúðum.“